

Sjálfsmatsskýrsla

2022-2023



Djúpavogsskóli

Inngangur

Innra mat/Sjálfsmat er fagleg ígrundun, gagnasöfnun og greining á gögnum um skólastarfið í þeim tilgangi að leggja mat á hversu vel tekst að ná þeim markmiðum sem skólastarf byggir á og tryggja gæði og árangur skólastarfs út frá þeim viðmiðum sem birtast í lögum um grunnskóla, Aðalnámskrá grunnskóla, skólastefnu sveitarfélagsins og markmiðum skólans. Meginspurningar í innra mati eru; *Hversu vel stöndum við okkur? Hvernig vitum við það? Hverjir eru okkar styrkleikar og helstu tækifæri til umbóta? Hvað þurfum við að gera til að verða enn betri?* Markmiðið er að innra mat leiði af sér aukin gæði náms og betri námsárangur, eflingu fagmennsku og lærdómssamfélags sem og betri upplýsingagjöf og innra eftirlit.

Djúpavogsskóli er grunnskóli fyrir börn í 1.-10.bekk. Hann er rekinn af sveitarfélaginu Múlaþing og er einn af sex grunnskólum sveitarfélagsins. Djúpavogsskóli starfar samkvæmt lögum um grunnskóla 91/2008. Nemendur skólans skólaárið 2022-2023 eru um 81 og koma bæði úr dreif- og þéttbýli. Tónlistarskóli Djúpavogs var starfræktur í grunnskólanum og vor 2023 voru 22 nemendur í tónlistarnám. Djúpavogsskóli skiptir námshópum í yngsta stig, miðstig og unglíngastig en einnig er skipting innan stiga þó að samkenntla sé þónokkur en teymisvinna og kenntla var innleidd í skólann haust 2019.

Kennslan í skólanum tekur mið af viðmiðunarstundaskrá en auk þess er tímum bætt við í samræmi við séráherslur skólans. Séráherslur skólans eru nokkrar og má þar nefna [Heilsueflandi skóli](#) sem hefur það að markmiði að auka andlega og líkamlega heilsu hjá nemendum skólans. [Jákvæður aqi](#) sem snýr að líðan og hegðun nemenda. Skólinn hefur einnig innleitt [Byrjendalæsi](#) og vinnur eftir hugmyndafræði [Cittaslow](#). Starfsfólk Djúpavogsskóla leggur metnað sinn í að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda og skapa þeim hvetjandi námsumhverfi á þeirra forsendum. Jafnframt leggur starfsfólk metnað sinn í að eiga gott samstarf við heimili nemenda og nærumhverfi skólans. Forsenda þess er að samskipti þessara aðila einkennist af gagnkvæmri virðingu og jákvæðni.

Gögnasöfnun er: Skólapúlsinn (könnun tekin í október 2.-5.bekkur og apríl 6.-10.bekkur), Íslenska æskulýðsrannsóknin (ÍÆR), fundargerðir teymisfunda, skólaþing, námsmat nemenda, niðurstöður úr ýmsum könnunum og annað tilfallandi.

Innra mat skólans er unnin út frá umbótaáætlun í kjölfar skólaársins á undan. Með gerð innra mats verður þá til umbótaáætlun fyrir komandi skólaár. Þannig tengir innra matið saman skólaárin og eflir umbótamiðaða hugsun.

Innra mat 2022-2023

Matstæki	Matsþættir	Hvenær metið	Gagnaöflun	Matsaðilar	Niðurstöður skólaársins 2022-2023	Úrbætur skólaárið 2023-2024
Nám og kennsla						
Inntak náms, árangur og framfarir	Að nemendur sýni framfarir út frá eigin forsendum og séu meðvitaðir um markmið náms.	Allt skólaárið Formlegt og óformlegt . Með könnunum sem og í daglegu starfi.	Orðarún 2x á ári. Orðalykill 2x á ári. Lesfimi 3x á ári Logos eftir atvikum. Leiðsagnarmat. Mat á hæfnikortum nemenda úr Mentor	Umsjónar-kennarar og sérkennari.	Unnið var markvisst að því að nemendur sýndu framfarir í námi, t.d. með leiðsagnarnámi Aðgerðaráætlanir eru til að einhverju leyti hvað varðar niðurstöður á ýmsum könnunum. Hér er áhugavert að skoða að skv. Skólapúls er virkni nemenda í 6.-10.bekk í kennslustundum undir landsmeðaltali. En 80% nemenda í 4.-5.bekk finnst mikilvægt að leggja sig fram í skólanum.	Námsmarkmið námsgreina/verkefna séu sýnileg nemendum og unnið með markvisst með Hvers vegna – Hvernig - hvað. Gera þarf aðgerðaráætlanir í framhaldi af niðurstöðum ýmissa kannana skilvirkari bæði fyrir kennara og foreldra, jafnvel birta á heimasíðu skólans. Kennarar geri samantekt á lokanámsmati við lok annar fyrir hvern námshóp fyrir sig og endurmeti störf sín fyrir komandi önn. Taka þarf stöðuna með stoðþjónustu ef nemendur eru í hættu á að ná ekki lágmarks hæfni. Að skipulag kennslustunda hvetji nemendur til virkni.
Skipulag náms og náms-umhverfi.	Að nemendum sé tryggt námsumhverfi við hæfi og að ánægja mælist með skipulag	Allt skólaárið Formlegt og óformlegt . Með	Nemenda-kannanir. Skólapúls. Teymisfundir. Stoðteymisfundir. Vettvangs-	Stjórnendur, kennarar, nemendur, foreldrar, stoðþjónusta.	Teymisfundir voru ekki nægilega skilvirkir á árinu hjá öllum teyimum. Mikilvægt að nýta þá til skipulags náms. Þegar kemur að samsömun við nemendahópinn eru nemendur	Festa betur niður hverjir eru í hvaða teymi og festa í sessi fastan fundartíma hjá teyimum. Bæta stoðþjónustu inn í teymin. Að teymisfundir séu nýtitr til að ræða

	náms.	könnunum sem og í daglegu starfi.	athuganir.		við Djúpavogsskóla á landsmeðaltali en stelpur virðast þó síður ná góðum tengslum innan námshópsins. Í ÍÆR sögðu 73% nemenda að truflandi hávaði væri oft eða stundum í kennslustundum.	nám og skipuleggja þannig að það henti hverjum og einum nemenda. Bregðast þarf við slakri samsömun í stúlknaðópnum og finna leiðir til að efla þær í nemendahópnum. Nýta þarf betur verkfæri í Uppeldi til ábyrgðar og leiðsagnarnámi til að koma í veg fyrir truflandi hávaða í kennslustundum.
Kennsluhættir og gæði kennslu.	Að fjölbreyttir kennsluhættir séu sýnilegir og skili sér í aukinni virkni nemenda.	Allt skólaárið.	Vettvangsathuganir stjórnenda. Teymisfundir. Nemendakannanir. Skólapúls.	Stjórnendur, kennarar, nemendur, stoðþjónusta.	Samkvæmt starfsmannaskólapúls eru 65% starfsmanna fremur oft ánægðir með gæði starfsins sem þeir skila og afköstin. Áhugavert er að sjá að skv. Skólapúsl segja 82,1% nemenda að í sumum eða flestum tímum sé ekki hlustað á kennarann. En þegar horft er til aga í tímum erum við rétt undir landsmeðaltali sem þarf að bæta.	Mikilvægt að efla sjálfstraust í starfsmannahópnum t.d. með leiðbeinandi endurgjöf. Horfa þarf eftir leiðum til að bæta aga í kennslustundum, t.d. með aukinni virkni nemenda, uppeldi til ábyrgðar og leiðsagnarnámi.
Námshættir og námsvitund.	Að nemendur séu meðvitaðir um eigin styrkleika og árangursríkar leiðir til náms.	Haust og vor.	Nemendakannanir. Skólapúls.	Skólapúlsinn Íslenska æskulýðsrannsóknin (ÍÆR)	Skv. skólapúlsi hefur þrautseigja og trú á eigin vinnubrögð í námi farið versnandi undanfarin ár en skólinn er 1,1 staðalfráviki undir landsmeðaltali. Skólinn er að bregðast við þessu t.d. með innleiðingu á leiðsagnarnámi. Samkvæmt ÍÆR telja 89% nemenda í 4.-5.bekk mikilvægt að leggja sig fram í skólanum sem er ánægjulegt.	Efla þarf áfram námsvitund nemenda og trú á eigin getu. Langtíma verkefni sem leiðsagnarnám styður vel við.
Skóli fyrir alla.	Að nemendum líði vel og fái notið sín í umhverfi sem hæfir þeirra	Allt skólaárið. Nóvembe	Kennarafundir. Stoðteymisfundir. Nem.v.ráðsfundir. Teymisfundir.	Kennarar. Stjórnendur. Ráðgjafar skólaþjónusta.	Niðurstöður skólapúls sýna að ánægja með skólann er yfir landsmeðaltali hjá 2.-5.bekk og hefur aukist frá síðasta skólapúls	Tryggja þarf að allir nemendur fái nám við hæfi, að samskipti við þá séu jákvæð og starfsfólk leggi sig

	forsendum, styrkleikum og hæfileikum.	r og apríl.	Skólapúls foreldrar	Foreldrar (teymisfundir). Nemendur.	frá 4,7 upp í 5,5. Þegar litið er á vellíðan í skólanum hjá sama hóp erum við á landsmeðaltali. Samkvæmt ÍÆK líkar aðeins 62% vel við skólann þegar 6.-8.bekkur er spurður en í 9.-10.bekk fer talan upp í 80%.	fram við að tengjast nemendum.
Mannauður						
Fagmennska starfsfólks.	Að starfsfólk byggir ákvarðanir og öll samskipti á fagmennsku og sýni fagmennsku í starfi.	Þrisvar sinnum yfir skólaárið.	Teymisfundir. Jafningjastuðningur. SVÓT greining teyma. Vettvangsathuganir. Starfsmanna-samtöl.	Kennarar og stjórnendur.	Samkvæmt starfsmannaskólupúls eru 65% starfsmanna fremur oft ánægðir með gæði starfsins sem þeir skila og afköstin. Við mælumst undir landsmeðaltali í leikni í starfi sem og trú á eigin getu.	SVÓT greining teyma og nýta styrkleika teymismeðlima. Jafningjafraeðsla Heimsóknir og endurgjöf stjórnenda í kennslustundir.
Starfsánægja, líðan og aðbúnaður.	Að starfsfólk finni til ánægju í starfi og líði vel á vinnustaðnum.	Vor.	Starfsmannakönnun Skólupúls. Starfsmannasamtöl.	Starfsfólk.	Starfsmannakönnun Skólupúlsins sýnir að aðeins 30% starfsmanna eru frekar ánægðir með húsnæði og aðstöðu á vinnustaðnum.	Innleiðing á ípöddum í kennslu bætur vinnuaðstöðu, endurskipuleggja þarf kennararými og nýta öll rými skólans sem best.
Teymisvinna.	Að teymi kennara starfi á grundvelli trausts, góðra samskipta og eigi gjöfult samstarf.	Desember.	SVÓT greining teymis og skólastjóra. Starfsmannasamtöl.	Skólastjóri og hlutaðeigandi kennarateymi.	Skólinn er yfir landsmeðaltali í samráði um kennslu sem er mjög ánægjulegt og segjast yfir 90% kennara sækja vikulega teymisfundir um hópinn sem hann kennir þar sem samráð er haft um kennslugögn, námsefni, markmið og mat á námi.	Teymisvinna er að ná góðu skriði hjá okkur aftur eftir Covid og mikilvægt að halda dampi á næsta skólaári.
Endurgjöf	Að gefa kennurum tækifæri til að bæta kennsluhætti sína með endurgjöf frá stjórnendum og/eða öðrum kennurum.	2x á önn	Vettvangsathuganir Teymisfundir	Skólastjórnendur og kennarateymi	Leiðsagnarkennari í 20% starfi sem sinnir vettvangsheimsóknnum hjá kennaranemum og nýliðum í starfi.	Bæta þarf endurgjöf hjá öðrum kennurum en þeim sem eru í námi þannig að allir kennarar hafi möguleika á endurgjöf í starfi. Skoða möguleika á „heimsóknarvikum“ þar sem kennurum gefst svigrúm til að heimsækja hvern annan og fylgjast

						með í kennslu og fá endurgjöf.
Stjórnun						
Stjórnendur sem faglegir leiðtogar	Að starfsfólk finni faglegan stuðning stjórnenda í daglegu starfi og geti ávallt leitað til stjórnenda um fagleg málefni.	Vorönn.	Starfsmanna-könnun Skólapúls. Starfsmannasamtöl. Teymisfundir.	Starfsfólk.	Niðurstöður Skólapúls sýna að við erum undir landsmeðaltali þegar kemur að stuðningi stjórnenda (1.5 staðalfrávikum sem telst mikill munur).	Stjórnendur þurfa að skoða hvernig þeir geta betur stutt við starfsfólk í starfi, verið til staðar og sýnt sanngirni í útteilingu verkefna.
Faglegt samstarf.	Að starfsfólk eigi faglegt samstarf sín á milli sem og við alla aðila skóla-samfélagsins.	Desember og maí.	SVÓT greining teyma. Rýnihópamat að vori.	Starfsfólk.	Á fundi hjá skóla með foreldrum vorið 2023 var foreldrafélag skólans virkjað aftur eftir þónokkra lægð. Fundurinn var vel sóttur og mikill kraftur í foreldrahópnum.	Virkja samstarf við foreldrafélagið. Funda reglulega með skólaráði.
Skólaþróun.	Að starfsþróunar-áætlun skólans sé virk og að þróunarverkefni séu í stöðugu umbótaferli.	Haust og vor.	Rýnihópamat að hausti og vori. Gát- og matslistar.	Starfsfólk.	Sum þróunarverkefni eru í góðum málum en við þurfum að bæta okkur í Uppeldi til ábyrgðar. Stefnt að því að leggja áherslu á geðræktarverkefni sem fellur undir störf heilsueflingarnefndar næsta skólaár.	Áhersla á næsta skólaári í skólaþróun er áfram Leiðsagnarnám sem stýrt er af MSHA en einnig Heilsueflandi grunnskóli með áherslu á geðræktarverkefni en einnig Uppeldi til ábyrgðar. Stofna þarf stýrihóp um Heilsueflandi grunnskóla og starfsfólk þarf að sækja endurmenntunarnámskeið í Uppeldi til ábyrgðar.
Skólabragur						
Velferð og líðan nemenda.	Að nemendum líði vel í skólanum og finni að starfsfólk hefur velferð þeirra ávallt í huga.	Haust og vor.	Nemendakönnun skólapúls. Foreldrakönnun Skólapúls. Bekkjarmundir.	Nemendur, foreldrar, kennarar.	Niðurstöður skólapúls sýna að 73% nemenda í 4.-5.bekk telja sig hafa einhvern fullorðinn til að tala við í skólanum. Að sama skapi eru 71% nemenda í 6.-8.bekk sem treysta kennurum vel. Aðeins 33% nemenda í 9.-10.bekk treysta kennurum vel.	Vinna þarf í því að skapa traust milli kennara og nemenda, sérstaklega á unglingsstigi.

					Agi í tímum mælist rétt undir landsmeðaltali sem þarf að bæta. Niðurstöður skólapúls er kemur að sjálfsáliti nemenda og almennri vellíðan þeirra í lífinu. Vinna á skólaþingi með skólareglur sýndi almenn ánægja var með reglurnar en nauðsynlegt var að gera þær sýnilegri og fygja þeim betur eftir.	Gera skólareglur aðgengilegri, sýnilegri og fylgja þeim eftir.
Einelti	Að nemendur upplifi sem hluta af heild og einelti sé í algjöru lágmarki	Allt skólaárið	Eineltisráð Skólapúlsinn Íslenska æskulýðs könnunin	Allt starfsfólk	Eineltisáætlun var yfirfarin og sett inn á heimasíðu skólans. Samkvæmt skólapúls telja 28% nemenda í 6.-10.bekk sig hafa lent í einelti sl 30 daga en það er gríðarleg fjölgun frá fyrri könnun en í ÍÆK 2022 var talan 9% nemenda. Í foreldrakönnun vorið 2022 kom í ljós að 22,9 foreldra töldu barnið sitt hafa orðið fyrir einelti skólaárið 2021-2022. Á sama tíma eru tilkynningar til eineltisráðs skólans varla ein á ári.	Kynna þarf eineltisáætlunina vel fyrir starfsfólki og foreldrum ásamt verkferlum í kringum eineltismál. Einnig þarf að kynna fyrir nemendum hvað sé einelti og hvernig hægt sé að koma í veg fyrir slíka hegðun.
Innra mat						
Umbótastarf í kjölfar innra og ytra mats.	Að daglegt skólastarf einkennist af stöðugri umbótahugsun.	Allt skólaárið.	Starfsmannafundir . Teymisfundir.	Allt starfsfólk.	Gerður var listinn „á döfinni“ sem var samantekt á helstu atriðum innra mats og því sem á að vinna að. Listinn yfirfarinn á starfsmannafundi og fylgt eftir á teymisfundi. Einnig var haldinn umbótamiðaður foreldrafundur á vorönn sem lagði grunninn að skólaþingi.	Á mánaðarlegum starfsmannafundum þyrfti að fara fram innra mat á skólastarfi liðins mánaðar. Með því og daglegu samstarfi teyma, sé umbótahugsun samofinn partur af daglegu starfi. Þessa vinnureglu þarf að koma á, á komandi skólaári.

Áherslur skólans						
Heilsueflandi skóli.	Að í skólanum sé jákvæður skólabragur og heilsueflandi umhverfi.	Haustönn	Gátlistar Heilsueflandi skóla. Nemendakönnun Skólapúls. Rýnihópmat að vori.	Allt starfsfólk. Nemendur 6.-10. bekkjar.	Heilsueflandi grunnskóli fer hægt af stað en verkefnið var kynnt fyrir starfsfólki ásamt því að starfsmaður fór á sameiginlegan fund skóla í verkefninu. Á skólapingi var rætt um ávaxtaáskrift fyrir alla nemendur, lengri frímínútur og gönguferðar, skýrari nestisreglur, fjölbreyttari grænmeti í mótuneyti.	Stofna þarf stýrihóp um heilsueflandi grunnskóla, jafnvel samþættan við grænfánaverkefnið. Stýrihópur fer yfir heilsueflandi grunnskóla verkefnið og leiðir það áfram á komandi skólaári.
Uppeldi til ábyrgðar / jákvæður agi	Að í skólanum sé jákvæður skólabragur sem einkennist af umhyggju, gagnkvæmri virðingu, vinsemd og festu.	Allt skólaárið.	Starfsmanna-samtöl. Kennarafundir. Rýnihópmat að vori.	Stjórnendur og stýrihópur jákvæðs aga.	Getum bætt okkur í að nýta verkfæri Uppeldi til ábyrgðar enn frekar. Munur er á milli starfsfólks hversu mikil Uppeldi til ábyrgðar er nýtt í samskiptum við nemendur en allir árangar gera bekkjarsáttmála, vinna mitt/þitt hlutverk ásamt öðrum verkefnum tengdum Uppeldi til ábyrgðar.	Safna þarf saman öllum bókum sem til eru og yfirfara ásamt því að gera aðgengilegt. Starfsfólk sæki endurmenntunarnámskeið í Uppeldi til ábyrgðar. Virkaður sé aftur stýrihópur í verkefninu. Gera uppeldi til ábyrgðar sýnilegra á göngum skólans. Bjóða upp á foreldranámskeið.
Teymisvinna	Að teymi kennara starfi á grundvelli traust, góðrar samkipta og eigi gjöfult samstarf.	Desember og apríl	Starfsmannasamtöl	Stjórnendateymi og hlutaðeigandi kennarateymi	Teymisvinna kennara gekk vel þrátt fyrir áskoranir eins og óhentuga stundatöflu. Ekki gafst þó svigrúm til að meta þennan þátt sérstaklega.	Áframhaldandi teymiskennsla í skólanum. Starfsmannaaðstaða bætt til að auka möguleika á samvinnu. Tveggja-kennarateymi í flestum kennslustundum þar sem kennarar deila ábyrgð á námi nemenda.
Cittaslow	Að skólustarf einkennist af hugmyndafræði Cittaslow sem flæðir í gegnum	September og apríl	Ekkert formlegt greiningarferli	Allt starfsfólk	Ekki hefur verið gerð formleg greining á þessum þætti og ekki tókst að vinna markvisst eftir þeirri áætlun sem lagt var uppmeð í síðasta innra mati	Útbúa þarf gátlista fyrir Cittaslow til að meta Cittaslow starf skólans. Virkja þarf Cittaslow teymi í skólanum sem leggur línurnar fyrir veturinn í september og metur

	daglegt starf				skólans. Á Skólapingi kom fram að foreldrar/nemendur vilja sá næðisstofu þar sem hægt er að draga sig í hlé og hugleiðslu/jóga/öndunaræfingum sé gert hærra undir höfði.	stöðuna í apríl.
Leiðsagnarnám	Að leiðsagnarnám leiði til jákvæðrar námsmenningar, markmið og viðmið að settu marki sé skýrt og nemendur fá tækifæri til að tjá sig um nám sitt.	Allt skólaárið	Gátlistar frá MSHA	Kennarar og stjórnendur	Djúpavogsskóli er að ljúka öðru ári í innleiðingu á leiðsagnarnámi. Reglulegir fundir haldnir og kennarar prófa sig áfram með aðferðir LSN.	Leggja þarf aukna áherslu á að kennarar geri LSN sýnilegra í skólafundum með markmiðssetningu á veggjum. Starfsfólk kallar eftir
Lestur	Að nemendur bæti sig í lestri jafnt og þétt yfir skólagönguna. Að lestur sé hluti af daglegu starfi skólans og að				Bókasafn fær fram á ganga - aðgengi að bókum mun betra. Cittaslow lestrarstundir hjá öllum á morgnanna frá 08:05-08:15 sem gekk ekki nægilega vel og þarf að endurskoða. Skv. Skólapúls könnun hjá 2.-5. bekk mælist lestraránægja í samræmi við landsmeðaltal en þegar komið er í 6.-10. bekk er 1.2 stiga munur frá landsmeðaltali niður í okkar tölu sem telst mikill marktækur munur. Flestir nemendur skólans ná fyrsta viðmiði menntamálastofnunar í maí en segja má að allir nemendur skólans geti bætt sig töluvert í lestri.	Skólaár 23-24 þarf að gefa aukinn tíma í yndislestrarstundir. Festa í sessi yndislestrarstundir í töflu nemenda. Nýta gátlista sem til eru um lestrarhvetjandi umhverfi t.d. Læsisstefna þarfnast uppþærslu og að vinna eftir henni.
Samstarf við skólasamfélagið						
Foreldra-samstarf	Að foreldrar séu ánægðir með skólastarfið og taki þátt í skólastarfinu	Skólapúlsinn (annað hvert ár) Skólaping (árlega að	Skólapúlsinn Stjórnendur Kennarar	Vikufréttir Skólaping Gestadagar	Halda áfram að senda vikufréttir. Halda annað skólaping og kynna niðurstöður þess strax að hausti. Hafa skýrt hver tilgangur	Festa þarf í sessi að allir kennarar sendi vikufréttir alla föstudaga (með eins fáum undantekningum og hægt er) til að upplýsa foreldra um starf bekkjarins.

		vori)			skólapingins er (að bæta skólastarfið) og að foreldrar sjái að verið sé að nýta niðurstöður skólapingins inn í skólastarfið. Þeir punktar sem komu þar fram varðandi foreldrastarf var t.d. að bekkjarfulltrúar séu í hverjum námshóp, upplýsingapóstar frá skóla séu stuttir og hnitmiðaðir, foreldrar óska eftir kennslu á Mentor,	
Heimasíða	Að heimasíða sé reglulega uppfærð og með nýjustu fréttir og upplýsingar hverju sinni	Könnun foreldra Könnun starfsfólk	Stjórnendateymi	Allt starfsfólk	Aðstoðarskólastjóri og verkefnastjóri tóku að sér umsjón með heimasíðu. Hún var uppfærð strax að hausti með nýjum starfsmannaupplýsingum, farið var yfir allar undirsíður og þær leiðréttaðar og lagað til.	Vinna þarf að því að samræma útlit heimasíðu Djúpavogsskóla við aðra skóla í Múlaþingi.

Hér fyrir neðan má sjá niðurstöður skólapingins dregnar saman eftir þeim málstofum sem í boði voru.

Niðurstöður Skólapúls er að finna á heimasíðu Djúpavogsskóla

Fyrir hönd matsnefndar

Jóhanna Reykjalin

Verkefnastjóri Djúpavogsskóla

Skólaþing Djúpavogsskóla 2023

Foreldrasamstarf

- Bekkjjarfulltrúar séu fyrir hvern námshóp/bekk. Hlutverk þeirra væri að halda utan um viðburði, skapa hefð fyrir viðburðum hjá ákveðnum hópum, aðstoða bekki við að halda bekkjarkvöld, t.d. fyrir hvert annað.
- Gestadagar: Meiri þátttaka foreldra, meira uppbrot á skóladeginum.
- Foreldrar koma og fræða nemendur á sínu sérsviði - hluti af vali?
- Spiladagar, nemendur gera krakkaquiz fyrir foreldra, foreldrar hluti af skólafarfi á vordögum

Upplýsingaflæði

- Að tölvupóstur frá skóla séu stuttir og hnitmiðaðir.
- Föstudagspóstur: Frá öllum alla föstudaga, jafnvel skrifað saman nemendur og kennarar.
- Foreldrar mun upplýstari um skólafarfið eftir að vikufréttir komu.
- Foreldrar vilja læra betur á Mentor

Skólareglur

- Almenn sátt um þær skólareglur sem nú eru í gildi.
- Stækka skólalóð, t.d. upp á Bóndavörðu - fleiri leiktæki á skólalóðina
- Lengri frímínútur - frímínútur í íþróttahúsinu (unglingastigi).
- Virða mörk annarra svo öllum líði vel
- Bera virðingu fyrir kennurum, ef ekki þá á að hringja í foreldra
- Nemendur nefndu símana en Djúpavogsskóli er símalaus skóli og eru fleiri skólar í Múlaþingi að fylgja því fordæmi.



Hugrekki
Virðing
Samvinna



Heilsueflandi grunnskóli

Hreyfing:

- Góða geymslu fyrir hjól. Hvetja nemendur, starfsfólk og foreldra að ganga/hjóla í skólann. Foreldrar útbúi göngustrætó þar sem nemendur geta verið samferða í skólann. Lengri frímínútur
- Meiri útinám og nýta áhugasvið nemenda. Nýta Bláanna betur - göngutúra í frímínútum. Neistatímar séu hluti af vali/skólafarfi

Andleg heilsa:

- Næðisstofa, námskeið fyrir foreldra um skaðsemi skjánotkunar - jóga/hugleiðsla/öndunaræfingar, slökun/ró inn í stundatöflu
- Skólinn ætti að byrja seinna eða 08:30/09:00

Matarræði:

- Ávaxtaáskrift, meira en ávextir í frístund, lengri nestistími fyrir þá sem þurfa, ferskara grænmeti í hádeginu, skýrar nestisreglur, skólagarðar, fræskiptidagar, tvíréttað í mótuneyti.

Námsmenning

- Fjölbreyttari starfskynningar, líka í gegnum fjarfund.
- Tónlistarnám fari fram eftir skóla.
- Fleiri verkefnatímar og líka á miðstigi.
- Byrja snemma að safna fyrir vorferð þar sem farið er í lengri ferðar.
- Samvera: Gott að allir fái sömu skilaboðin, ekki gott að hafa hana á morgnanna. Samvera ætti að vera val á mið- og unglingsstigi.
- Samstarf í samfélaginu: Meira samtarf við leikskóla og eldri borgara.
- Leyfa eigin tölvur - nemendur fái aðgang að tölvum og beri ábyrgð á þeim.
- Árshátíð: skipta upp eftir stigum og hafa á mismunandi tímum.